

Stjórnarfundur TSÍ þann 12.11 2009 kl 20:30 – 21:30

Mætt voru Gunnar, Hafsteinn, Ingólfur, (Jónas) og Rakel

1. Árshátíð TSÍ 28.nóv.2009

Farið var yfir dagskrá árshátíðar TSÍ sem hafði verið sett saman á síðasta fundi. Engar breytingar voru gerðar á dagskránni en Gunnar mun fylgja því eftir að athuga hvort Magnús geti spilað undir á gítar fyrir Yousef. Jónas mun senda auglýsingu um árshátíðina á alla sem eru á netfangalista Tennishallarinnar og hvetja þá til að koma. Einnig mun hann tala við alla þjálfara og biðja þá um að koma með tillögur um efnilegasta tennisspilara fyrir árin 2008 og 2009.

Ákveðið var að senda tölvupóst á alla sem hafa skráð sig á árshátíðina til að minna þá á að greiða mánudaginn fyrir árshátíðina. Hafa þarf svo “miðasölu” við innganginn á árshátíðina ef að einhverjir eiga eftir að borga.

2. Nýjar reglugerðir

Samþykktar voru þrjár nýjar reglugerðir:

- Reglugerð um kjör efnilegasta tennismann og tenniskonu ársins (með þeirri breytingu að skilyrði til að vera valin sé að vera á aldrinum 12-18 ára)
- Reglugerð um kjör tennimanns og tenniskonu ársins
- Reglugerð um heiðursviðurkenningar TSÍ

Reglugerðirnar taka strax gildi og þær verða settar inn á heimasíðu TSÍ.

Kveðja,

Rakel Pétursdóttir ritari TSÍ